
R NORÐANMENN
Á KJARVALSSTÖÐUM

eg ósköp en staðreynd engu að zkir myndlistarmenn búa vart en í Reykjavík. Undantekning- ir menn á Akureyri, þar á með- em eru tilefni þessa pistils, svo

og Gunnar Örn, sem hefur flutzt austur í Holt og Páll Guðmundsson, sem kýs að búa og starfa í Húsafelli, þar sem hann er alinn upp. Elías er ekki lengur á Króknum og annarsstaðar utan Reykjavíkur veit ég ekki um neina, aðra en einstaka áhugamenn, sem hafa myndlist fyrir hobby. Jafnvel á Suðurnesjum og í bæjunum fyrir austan Fjall eða uppá Skaga búa ekki neinir atvinnumenn í myndlist og er þó ekki fjarlægðinni fyrir að fara fá höfuðstaðnum.

Einhver kynni að álykta sem svo, að þetta hljóti að helgast af því, að myndlistarmenn vilji búa sem næst sýningarstöðunum til þess að geta sem gerst fylgst með því sem upp er hengt. Þetta gæti virzt eðlileg ástæða, en er líklega út í hött. Þótt undarlegt megi virðast, má segja að fjölmargir myndlistarmenn sæki sáralítið sýningar. Þeir sjást þar hvorki við opnanir né í annan tíma. Þegar svo hefur borið við, að framúrskarandi athyglisverðar erlendar sýningar hafa ratað hingað, hef ég orðið var við, að myndlistarmenn sáu þær ekki og koma oft af fjöllum, þegar slíkar sýningar eru gerðar að umtalsefni. Og stundum er viðkvæðið: „Æjá, ég ætlaði reyndar að sjá hana, en...“

Akureyri er sumsé eini staðurinn utan Reykjavíkur, þar sem hópur myndlistarmanna býr og starfar; þar er ágætur myndlistarskóli undir stjórn listamannsins Helga Vilbergs og er ómetanlegt fyrir framþróun myndlistar á Akureyri. Hinsvegar hefur gengið í brösum með sýningarhúsnæði frá því Óli G. Jóhannsson hætti með Háhól og það er afleitt; ekki má minna vera en til sé einn staður utan Reykjavíkur, þar sem hægt er að sýna.



Guðmundur Ármann Sigurjónsson til vinstri og Kristinn G. Jóhannsson, sem báðir búa og starfa á Akureyri og sýna nú á Kjarvalsstöðum.

Akureyrarmálarar hafa hinsvegar stundum kvartað yfir því að hafa ekki fengið réttlátar og sanngjarnar viðtökur hér syðra. Ég held, að sú umkvörtun sé ástæðulaus og að enginn sé í gagnrýni eða kynningum fjölmiðla settur skör lægra, vegna þess að hann býr við Eyjafjörð fremur en á Seltjarnarnesi.

Nú koma tveir norðanmenn færandi hendi: Kristinn G. Jóhannsson og Guðmundur Ármann Sigurjónsson; báðir sjóaðir myndlistarmenn og reyndir í sýningabransanum. Þeir skipta á milli sín austursal Kjarvalsstaða og opna sýningu sína í dag. Það ber annars furðu sjaldan við, að menn skipti á milli sín þessum stóru sölum, sem eru vitaskuld alltof stórir fyrir sýningar aðrar en til yfirlits.


Kristinn er þeirra eldri, f. 1936 og eftir listnám hér heima var hann í Edinburgh College of Art. Einkasýningar hans eru 15 orðnar og 13 samsýningum hefur hann tekið þátt í hér og erlendis. Kristinn hefur á sínum ferli gengið í gegnum ýmis breytingaskeið eins og eðlilegt er. Nýlega sýndi hann á athyglisverðan hátt, hvernig hægt er að nota gömul íslenzk munstur og sveigja undir þarfir nútíma myndlistar. Núna hefur hann horfið frá því, en hverfur aftur á móti til náttúrunnar og málar „Haustkvíðakvæði“ og „Frostnæturljóð“, eða með öðrum orðum árstíðabundnar stemmningar úr ríki náttúrunnar, en eins og myndin sýnir, nálega abstakt. Ljóðræni þátturinn í myndlist hefur alltaf staðið Kristni hjarta nærrri.

Guðmundur Ármann stundaði framhaldsnám við Valand-listaskólann í Gautaborg á þeim tíma þegar listaskólar urðu pólitísk tæki í höndum þeirra, sem vildu virkja nytsama sakleysingja. Strax að námi loknu réðist Guðmundur til myndlistarkennslu á Akureyri og hefur búið þar síðan. Það er nú ár og dagur síðan pólitískrar innrætingar úr Svíaríki hætti að gæta í verkum hans; sú breyting gat einungis orðið til bóta. Eins og margir nútíma málarar, fjallar Guðmundur nú um manneskjuna og ýmislegt annað úr náttúrunnar ríki. Hann hefur jafnframt unnið í grafík um langt skeið og er í félaginu Íslenzk grafík. Guðmundur Ármann hefur tekið þáttí fjölmörgum sýningum, bæði fyrir norðan og sunnan, svo og erlendis.

GÍSLI SIGURÐSSON.



kvæði“, olía á striga, 150x120 sm.



Guðmundur Ármann Sigurjónsson: Til minningar um drukknaðan sjómann, olía á striga, 1984.